



Leikskólinn Hulduheimar stefnir að því að verða Grænfánaskóli og sótti um að komast á Græna grein laust eftir áramót 2016. Frá þeim tíma höfum við verið að fikra okkur hægt og rólega eftir greininni. Ákveðið var að fyrsta verkefnið okkar á Grænni grein væri að huga að matarsóun. Í nokkrar vikur vorið 2016 voru allar matarleifar sem komu til baka í eldhúsin vigtaðar og skráðar, eftir morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Einn kennari sem starfar hefur í Hulduheimum – Seli er með nokkuð af dýrum og í lok dags tekur hún nánast allar matarleifar. Það er góð tilfinning, þarna eru allir að græða, við að minnka mjög mikið lífræna ruslið og dýrin að fá frá okkur það sem þeim þykir hið mesta lostæti. Í Hulduheimum – Koti hefur aftur á móti ekki tekist að finna dýr til að njóta þessa, en við höldum áfram að reyna.

Matarafgangar frá hádegismat voru nokkrum sinnum teknar inn á deildir og vigtaðar, þannig tóku börnin þátt í að vigta og fylgjast með hve mikið kom til baka í eldhús að loknum hádegismat. Að sjálfsgöðu skapaðist þá góður vettvangur fyrir fræðslu, umræður og vangaveltur af ýmsu tagi. Rætt var um hve mikið er nóg, t.d. þegar við skömmtum okkur mat, hvers vegna mikilvægt er að henda ekki mat o.fl. Börnin í Seli eru einnig mjög meðvituð um að dýrin fá það sem af gengur hjá okkur og gleðjast yfir því.

Þó svo að aðaláherslan hafi verið á matarsóun og markvisst unnið með þann þátt, er samhliða hugað að annarri sóun. Það sem skoðað hefur verið og þarfnast markvissrar vinnu eru í stórum dráttum helst þessir:

- **Pappír**, mikil umræða hefur skapast bæði meðal barna og fullorðinna í skólanum um pappírssóun, hvernig nýtum við pappírinn, teiknum við báðum megin, nýtum við alls kyns „snepla“ o.s.frv. Börnin eru orðin mjög meðvituð og leiðbeina gjarnan hvert öðru.
- **Vatnið** okkar er dýrmætt og við þurfum að huga að því að sóa því ekki, láta það ekki renna að óþörfu.
- **Rafmagnið**, einnig hefur verið litið til orkusparnaðar. Hvar getum við sparnað þar? Við höfum lagt áherslu á að kveikja ekki ljós nema þörf sé á og slökkva ljós í þeim vistarverum sem ekki eru í notkun. Eftir sumarlokun voru þurrskápar teknir úr notkun, enda ærið orkufrekir.
- **Prentkostnaður**, starfsmenn íhuga hvort nauðsyn sé á að prenta út og hvort oft sé ekki heillavænlegra að senda póst á foreldra/starfsmenn.
- **Flokkun**, pappírs- og plastdallar eru á gangi hjá eldri deildunum tveimur í Seli og á gangi í Koti og umgangast börnin þau til jafns við fullorðna.

- **Umhverfið**, í vor var, að venju, haldinn umhverfisdagur þar sem farið í hreinsunarferðir með börnunum. Lóðir leikskólans voru hreinsaðar og einnig var farið í nær umhverfið, það sópað og hreinsað. Það sem safnaðist var skoðað og voru börnin almennt mjög undrandi á því hve miklu og hverju er hent á víðavangi. Í framhaldi af sköpuðust miklar umræður um mikilvægi þess að ganga vel um umhverfi okkar.

Umhverfisdagur



Matarafgangar vigtaðir



Við hlökkum til að halda áfram að vinna okkur í átt til Grænfánans, enda er mikið í húfi, það er nauðsynlegt að við umgöngumst umhverfið okkar af virðingu.